

Efni: Deiliskipulag suðursvæðis Grundarfjarðarhafnar- skipulagskynning á vinnslustigi

Breiðafjarðarnefnd fékk til umsagnar skipulagskynningu vegna deiliskipulags suðursvæðis Grundarfjarðarhafnar.

Hluti skipulagssvæðisins er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar en nefndin hefur engar frekari athugasemdir en komu fram í umsögn frá 31. október 2025.

Breiðafjarðarnefnd vekur athygli á fyrirhuguðu efnistökusvæði rétt austan við Grundarfjarðarhöfn, utan skipulagsmarka deiliskipulags, skammt frá mörkum verndarsvæðis Breiðafjarðar.

Í greinargerð með skipulagskynningunni er tekið fram að „Þótt framkvæmdasvæðið falli innan marka verndar skv. lögnum verður ekki séð að framkvæmdin rýri að neinu verulegu leyti hið verndaða.“¹ Breiðafjarðarnefnd bendir á að efnistaka í sjó getur haft langtíma áhrif á landslag og vistgerðir nærliggjandi svæða, þar á meðal verndarsvæði Breiðafjarðar.

Fram kemur í greinargerð með skipulagskynningu að:

Vorið 2024 var tekin kvikmynd af sjávarbotni og Jörundur Svavarsson sjávarlíffræðingur, með sérþekkingu á botndýralífi, var fenginn til að álykta um lífríki svæðisins út frá upptökunum. Á myndböndunum sést mól, mikið af tómum skeljum, krossfiskar, og undirlagið virðist gróft. Samkvæmt Jörundi bentu þessi gögn til þess að botndýralíf væri einsleitt og rýrt, en að frekari rannsóknna væri þörf til að álykta nánar. Botndýralíf sé almennt rýrt á malarbotni, sem er hentugt þar sem sóst er eftir sandi og mól í þessu tilviki. Myndböndin benda til þess að álag sé á svæðinu vegna hreyfingar á grjóti og sandburði frá sandfjöru skammt frá en í þeim aðstæðum er lífríki ekki fjölbreytt.

Greinargerð með skipulagskynningu, bls. 13

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að rannsaka frekar fyrirhugað efnistökusvæði til að álykta nánar um áhrif á hafsbotni, eins og Jörundur Svavarsson bendir á. Sérstaklega á þetta við í ljósi magns efnis sem fyrirhugað er að taka af svæðinu, sem er áætlað í 185.700 m³. Þar að auki er, að mati Breiðafjarðarnefndar, æskilegt að sjá niðurstöður botndýrarannsóknar Jörundar Svavarssonar til að fá betri mynd af stöðu lífríkis og áhrif efnistöku á svæðinu.

Að lokum leggur Breiðafjarðarnefnd áherslu á að meta möguleg langtímaáhrif fyrirhugaðs efnistökusvæðis á lífríki og landslag nærliggjandi verndarsvæðis Breiðafjarðar. Strandlengja Breiðafjarðar er vernduð samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar.²

¹ Grundarfjarðarbær. (Nóvember 2025). *Greinargerð með skipulagskynningu*, bls. 25.

² Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

Virðingarfyllst,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,
formaður Breiðafjarðarnefndar